

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar

Sent á nefndasvið Alþingis

Reykjavík, 14. janúar 2026

Efni: Viðbótarumsögn Samtaka iðnaðarins vegna frumvarps til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála, 265. mál

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) skiluðu umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála, 265. mál, 157. löggjafarþing, þann 12. desember sl. Samtökin vilja með viðbótarumsögn þessari koma á framfæri stuðningi og frekari útfærslu við tiltekinn þátt frumvarpsins sem snýr að útgáfu starfsleyfa fyrir jarðboranir.

SI fagna sérstaklega þeim breytingum sem boðaðar eru í 9. og 10. gr. frumvarpsins og fjalla um einföldun á útgáfu starfsleyfa fyrir jarðboranir. Með frumvarpinu er lagt til að færanlegir jarðborar verði færðir úr viðauka IV yfir í viðauka II við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Felur þessi breyting í sér að útgáfa starfsleyfa fyrir jarðboranir færist frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Umhverfis- og orkustofnunar.

Samtökin telja þessa breytingu vera skref í rétta átt til einföldunar á regluverki og framkvæmd. Jarðboranir eru eðli málsins samkvæmt færanleg starfsemi sem fer fram í ýmsum sveitarfélögum. Núverandi fyrirkomulag, þar sem verktakar þurfa að sækja um starfsleyfi fyrir hverja holu óháð því hvort hún sé 30 eða 3.000 metrar, til heilbrigðisnefnda í hverju því sveitarfélagi sem borað er í, hefur verið óþarflega íþyngjandi og borið hefur á skorti á samræmi milli heilbrigðisnefnda. Árið 2025 tók framkvæmd heilbrigðisnefnda breytingum, án þess þó að lagabreyting hafi átt sér stað, þar sem gerð hefur verið krafa um starfsleyfi fyrir hverja holu fyrir sig. Á þessi breytta framkvæmd við um öll embættin fyrir utan eitt. Þá hefur óvissa verið uppi um hvaða verk krafist er starfsleyfis fyrir og má í því samhengi nefna hvort um sé að ræða borun í berg eða hreinsun hola. Þá hafa starfsleyfisskilyrði ekki verið sambærileg milli hola. Þetta hefur leitt til töluvert lengri viðbragðstíma verktaka ásamt auknum kostnaði við umsókn fleiri starfsleyfa.

Með því að færa leyfisveitinguna á hendi eins aðila, Umhverfis- og orkustofnunar, er tryggð aukin skilvirkni, samræmt eftirlit og jafnræði, auk þess sem stjórnsýslubyrði fyrirtækja minnkar verulega. Með slíkri breytingu getur Umhverfis- og orkustofnun veitt eitt starfsleyfi sem gildir fyrir rekstur jarðborsins á landsvísi, í stað þess að sækja þurfi um nýtt leyfi fyrir hvert verkefni eða sveitarfélag. Mikilvægt er að eftirlitið verði miðlægt og tryggja að aðilar með sérþekkingu á jarðborun sinni slíkum eftirlitsstörfum. Fyrirsjáanleiki skiptir fyrirtæki sköpum og því þarf að gæta samræmis í

eftirliti með tilliti til þeirra krafa sem gerðar eru, þ.e. skilgreiningu á borverki, við gagnaskil, tíðni heimsókna og upplýsingagjafar til verktaka.

Samtökin fagna efnistöfum frumvarpsins og telja boðaðar breytingar nauðsynlegar til þess að úrbætur á leyfisveitingaferlum raungerist. Samtökin hvetja stjórnvöld til dáða í þeirri vegferð að einfalda, auka skilvirkni og innleiða ferli um einn afgreiðslustað.

F.h. Samtaka iðnaðarins

Lilja Björk Guðmundsdóttir

Lilja Björk Guðmundsdóttir
yfirlögfræðingur